



Vorfagnaður lækna á slóðum fortíðar – og framtíðar?

Læknar komu saman til fagnaðar í verðandi salarkynnum læknigaminjasafns á Seltjarnarnesi í byrjun júní, nutu veitinga innan um hráa steinveggi og leið augsýnilega vel þótt úti rigndi. Gestgjafar voru þeir Steinn Jónsson formaður Læknafélags Reykjavíkur og Óttar Guðmundsson formaður Félags áhugamanna um sögu læknisfræðinnar en þeir hafa talað fyrir þeirri hugmynd að samtök lækna flytji búferlum og setjist að í Nesi innan um söguna. Lífleg umræða varð á heimasíðu lækna í kringum vorfagnaðinn og sýndist sitt hverjum um þessa hugmynd. Mörgum fannst hún góð og mæltu eindregið með því að hún yrði að veruleika, öðrum óx kostnaður í augum eða höfðu aðrar athugasemdir, jafnvel hugmyndir um að flytja eitthvert annað. Eflaust verður þetta mál áfram til umræðu, en eins og kunnugt er hefur Seltjarnarnesbær sagt sig frá samkomulagi við menntamálaráðuneytið og læknafélögin um að ljúka við að koma safninu í framtíðarhorf. En hvað sem því líður skemmtu læknar sér þrýðilega og nutu bæði tónlistar og góðra veitinga.

LISTAMAÐUR MÁNAÐARINS

Rebekka Erin Moran (f. 1976) er bandarísk listakona búsett hér á landi og höfundur verksins sem sjá má á forsiðu Læknablaðsins að þessu sinni. **I keep forgetting' that I forgot about you** er frá árinu 2012. Verkið er skúlptúr sem sýndur er beint á gólfi, gallabuxur steyptar í gifs og bleikir sokkar. Það er eins og einhver hafi farið úr buxum og sokkum í flýti og skilið hrúguna eftir á gólfinu. Rebekka leikur sér að því að steypa hversdagslegt atvik í varanlegt form og nefnir verkið spaugilegum titli sem gæti vísað til þess að hrúgan hafi orðið til eftir ærlegt skráll. Þegar nýr dagur rennur upp er atvikum næturinnar púslað saman með sönnunargögnum eins og fatahrúgunni á gólfinu. Hversdagsleiki og daglegt líf rata gjarnan í verk Rebekku sem vinnur í ýmsa miðla og er einkum kunn fyrir tilraunir sínar með kvikmyndamiðlinn. Hún notast töluvert



við 16 mm filmu sem felur bæði í sér hreyfimyndina sjálfa sem og ákveðna eiginleika skúlptúrs þar sem sýningarvél-in verður hluti af heildarupplifun verksins í sýningarrýminu. Listakonan hefur iðulega nýtt sér þennan tvíþætta eiginleika í kvikmyndainnsetningum sínum. Rebekka stundaði nám í myndlist í Chicago, Bandaríkjunum, og fluttist þá búferlum til Hollands. Eftir að hafa starfað þar um nokkurt skeið dvaldi hún hluta ársins 2005 á vinnustofu á Íslandi og hefur búið hér á landi síðan. Rebekka hefur meðal annars staðið fyrir kvikmyndasýningum undir heiti Kínó klúbbsins þar sem hún hefur kynnt framsækna og listræna kvikmyndagerð. Þá hefur hún tekið þátt í fjölda sýninga hér á landi sem og alþjóðlega og þess má geta að verk hennar sem sjá má á forsiðu Læknablaðsins var nýverið hluti af samsýningu í Chicago.

Markús Þór Andrésson